Afgreiða í sölukerfinu

Síðast uppfært 15/09/2026 2:31 pm BST

Afgreiðsluferlið er einn mikilvægasti partur sölukerfisins. Þegar viðskiptavinir kaupa hjá þér vörur og þjónustur þá er salan afgreidd í sölukerfinu. Þar sem sölukerfið er samþætt bókunarkerfinu þá gerir það ekki bara einfalt og fljótlegt að afgreiða viðskiptavini, heldur næst á sama tíma að grípa mikilvægar upplýsingar um kaupsögu þeirra án þess að það taki lengri tíma í afgreiðslu.

Afgreiða tíma


Það eina sem þú þarft að gera til þess að afgreiða tíma er að:

1. Smella á bókunina.
2. Velja A**fgreiða.**
3. Athuga hvort verðið sé rétt og jafnvel bæta við vöru.
4. Smella á **Greiða** og velja greiðsluáta og þá er allt komið!

Ef þú vilt sjá reikninginn strax getur þú svo smellt á **"Klára sölu".**

Eftir að reikningurinn hefur verið stofnaður er einnig hægt að velja **"Bóka aftur"** til þess að afrita tímann og finna næsta tíma með viðskiptavininum.


> Afgreiddir tímar fá lítið hvítt **v-** merki efst í hægra horninu til þess að auðvelt sé að sjá hvaða tímar hafa verið afgreiddir og hverjir ekki með því að horfa á dagatalið.




Afgreiða vörur

Þegar að viðskiptavinir sem að hafa ekki átt tíma koma til þín og vilja kaupa vöru eða gjafabréf er best að:

1. Velja blá "Ný sala" takkann niðri í hægra horninu.
2. Veldu réttan útgefanda ef það eru fleiri en einn
3. Þú getur leitað eftir vörum, valið þær af listanum eða skannað þær inn með barkóða.
4. Smella á Greiða og velja greiðslumáta og þá er allt komið!



Efst á sölunni er lítil leitarstika þar sem hægt er að leita að viðskiptavini. Það getur verið sérstaklega sniðugt að nýta sér hana þar til þess að salan fari inn í kaupsögu viðskiptavinarins, en þetta gerist sjálfkrafa þegar að tímar eru afgreiddir af dagatalinu ⬇



Ertu með einhverjar ábendingar eða spurningar? Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna